

REGLUR

um úthlutun Byggðastofnunar á framlögum úr Sóknarsjóði.

Inngangur.

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 18. mars 2025 að verja allt að 180 milljónum króna í svokallaðan Sóknarsjóð til stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Grindavík. Framlagið kemur af almennum varasjóði inn á fjárlagalið byggðaáætlunar, 10-701-1.10. Á grundvelli 12. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun felur innviðaráðherra Byggðastofnun að annast umsýslu sjóðsins skv. reglum þessum.

Úthlutað verður þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar í sjóðnum að frádregnum umsýslukostnaði, en Byggðastofnun er heimilt að draga kostnað sem er tilkominn vegna úthlutunarinnar frá heildarfjárhæðinni, að hámarki 1,5 m.kr.

1. gr.

Markmið.

Tilgangur Sóknarsjóðs er að styðja við smærri atvinnurekendur í Grindavík með það að markmiði að horfa megi til framtíðar í rekstri. Reglum þessum er ætlað að tryggja að gætt sé jafnræðis, hlutlægni og samkeppnissjónarmiða við úthlutun og umsýslu framlaga.

2. gr.

Stjórn og umsýsla Sóknarsjóðs.

Byggðastofnun skipar þrjá fulltrúa í matsnefnd Sóknarsjóðsins, tveir eru tilnefndir af stofnuninni og einn af framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík skv. lögum nr. 40/2024. Annar fulltrúi Byggðastofnunar skal vera formaður nefndarinnar og hinn verkefnastjóri. Nefndin leggur mat á styrkhæfi umsókna og gerir tillögur til stjórnar Byggðastofnunar um veitingu styrkja sem tekur ákvörðun um úthlutun í samræmi við umfang hans. Verði styrkhæfar umsóknir að mati nefndarinnar hærri en sem nemur fjármunum til úthlutunar mun nefnd gera tillögur að stuðningi til þeirra verkefna sem best falla að reglum þessum og tilgangi sjóðsins að hennar mati.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um úthlutun styrkja skal umsækjendum tilkynnt um það skriflega.

Byggðastofnun gerir samning við styrkþega um fyrirkomulag úthlutunar styrkja, sbr. 9. gr. reglna þessara.

Byggðastofnun sér um umsýslu fjármuna vegna framlaga þessara í samræmi við ákvæði samnings.

3. gr.

Auglýsingar um úthlutun.

Byggðastofnun auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum. Auglýsingur skal birta á vefsíðum Byggðastofnunar, Stjórnarráðsins og Grindavíkurbæjar. Í auglýsingu skal taka fram hvaða kröfur eru gerðar til umsókna og hvaða gögn skuli fylgja þeim. Umsóknarfrestur skal vera minnst þrjár vikur frá birtingu auglýsingar. Stefnt skal að því að niðurstöður matsnefndar verðir lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsóknarfresti lýkur.

4. gr.

Stuðningur við fyrirtæki.

Styrkhæf eru fyrirtæki sem voru með starfsemi í Grindavík 10. nóvember 2023 og fullnægja að öðru leyti skilyrðum reglna þessara, sbr. 5. - 7. gr að mati matsnefndar.

Styrkur er veittur í eftirfarandi tilgangi:

1. Rekstrarstyrkur til allt að sex mánaða.
2. Styrkur til kaupa á búnaði eða tækjum til að efla starfsemi í Grindavík.
3. Styrkur til að gera breytingar á rekstri í því skyni að styrkja stoðir núverandi starfsemi.
4. Styrkur til að flytja starfsemi að hluta eða öllu leyti frá Grindavík.

5. gr.

Lágmarksskilyrði stuðnings.

Til þess að geta átt rétt á styrk úr sjóðnum skal umsækjandi uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa verið með starfsemi í Grindavík 10. nóvember 2023.
2. Það hafi a.m.k. verið einn starfsmaður á launaskrá á árinu 2024.
3. Velta vegna ársins 2023 hafi verið undir 250 milljónum kr.
4. Umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
5. Bú umsækjanda hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta.

6. gr.

Rekstarstyrkur skv. 1. tölul. 4. gr.

Styrkur er veittur vegna starfsemi á árinu 2025 til allt að sex mánaða.

Til þess að eiga rétt á styrk þarf fyrirtæki að halda úti starfsemi í Grindavík á þeim tíma sem stuðningur er veittur. Þá þurfa tekjur umsækjanda á því tímabili sem umsókn varðar að hafa verið a.m.k. 20% lægri en í sama tímabili fyrir 10. nóvember 2023 og tekjufallið megi rekja til náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Með umsókn skal fylgja staðfesting á að umsækjandi haldi úti starfsemi í Grindavík, auk staðfestingar af þjónustuvef Skattsins á launagreiðslum.

Veittur er styrkur að hámarki 300.000 kr. á mánuði fyrir hvert stöðugildi, en að hámarki veittur styrkur vegna fimm stöðugilda eða allt að 1,5 m.kr. á mánuði.

7. gr.

Styrkhæfur kostnaður skv. 2.-4. tölul. 4. gr.

Styrkur er veittur vegna kostnaðar við eftirfarandi:

1. Kaup og uppsetning á tækjabúnaði.
 2. Tilfærsla á búnaði vegna flutninga.
- Skilyrði styrks skv. 1. tölul. þessarar greinar er að eigið framlag umsækjanda sé að lágmarki 30% af kostnaði.

Stuðningur skv. 3. tölul. 4. gr. er veittur vegna breytinga á núverandi rekstri sem mun styrkja stoðir þess sem fyrir er.

Skilyrði er að breytingin feli í sér að tryggja núverandi störf, eða fjölga þeim, í Grindavík.

Sjóðurinn styrkir ekki nýbyggingar.

Styrkur er veittur vegna kostnaðar vegna flutninga frá Grindavík og standsetningar á nýjum stað. Skilyrði styrks er að eigið framlag umsækjanda sé að lágmarki 30% af kostnaði og að fyrirtæki haldi starfsemi áfram.

Hámarksfjárhæð styrks er 2 milljón kr.

8. gr.

Upplýsingagiöf umsækjenda.

Í umsókn skal koma fram:

- a. Nafn og heimilisfang fyrirtækis og tengiliðs.
 - b. Fjárhæð umbeðins styrks.
 - c. Lýsing á því til hvers styrkurinn er ætlaður og rökstuðningur fyrir umbeðinni fjárhæð.
 - d. Lýsing á því hvernig styrkurinn komi til með að nýtast til að tryggja áframhaldandi rekstur.
- Umsóknum skal fylgja:

- a. Staðfesting á að umsækjandi hafi verið með starfsemi í Grindavík 10. nóvember 2023.
 - b. Stutt greinargerð um núverandi rekstur.
 - c. Afrit af ársreikningi síðustu þriggja ára.
 - d. Rekstrar- og sjóðstreymisáætlun til næstu 3-5 ára.
 - e. Staðfesting á að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
 - f. Heimild til uppflettingar í kerfi CreditInfo fyrir fyrirtæki og/eða eigendur þess.
 - g. Bankaupplýsingar vegna útgreiðslu styrks.
 - h. Önnur gögn sem umsækjandi telur gagnleg.
- Matsnefnd er heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum og gögnum við úrvinnslu málsins.

9. gr.

Mat á umsóknum.

Matsnefnd leggur faglegt mat á umsóknir og skal umsóknum forgangsraðað í samræmi við hlutverk og reglur sjóðsins. Við mat á umsóknum skal litið til þess hvort styrkveiting sé líkleg til að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækis, m.a. út frá eftirfarandi viðmiðum:

- a. Styrkur komi til með að nýtast til áframhaldandi rekstrar.
- b. Hvort og þá hversu mörg störf skapast eða er viðhaldið með veitingu styrks.
- c. Hvort starfsemi fyrirtækis komi til með að stuðla að endurreisn samfélagsins í Grindavík.

10. gr.

Framkvæmd úthlutunar og eftirfylgni.

Gera skal samning við styrkhafa. Í samningnum skal m.a. gerð grein fyrir skilyrðum styrkveitingar, afleiðingum vanefnda, hlutverkum aðila samningsins og forsendum greiðslna.

Greiðslur fara fram skv. samningi. Heimilt er að greiða fyrstu greiðslu, allt að 50%, í kjölfar undirritunar. Forsendur áframhaldandi greiðslna er að fyrir liggi fullnægjandi áfangaskýrsla og/eða lokaskýrsla. Álitamál um hvort gögn eru fullnægjandi getur Bygðastofnun borið undir matsnefnd sem sker úr.

Bygðastofnun annast útgreiðslu styrkja.

Í samningi verði kveðið á um skyldu styrkhafa til að veita Bygðastofnun aðgang að gögnum úr bókhaldi styrkhafa til staðfestingar á ráðstöfun stuðnings og að starfsemi sé í samræmi við umsóknargögn.

Bygðastofnun hefur eftirlit með að styrkir séu notaðir til þess sem getið var í samningi. Verði breytingar á verkefni miðað við umsókn skal tilkynna það skriflega með rökstuðningi og fá samþykki matsnefndar Bygðastofnunar.

11. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu innviðaráðherra, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999.

Innviðaráðuneytinu, 1. september 2025.

Eyjólfur Ármannsson.

B deild - Útgáfudagur: 10. september 2025